

NMÍ-umsögn nr.: U16-01

Gildistímalok: 24. október 2018

## - NMÍ-UMSÖGN -

---

<b>Vörulýsing:</b>	<b>Rör og tengi fyrir frárennslisvatn</b> , úr steinefnafylltu pólýprópýlenplasti (PP-MD), í víddum 40 – 160 mm.
<b>Vöruheiti:</b>	<b>Valsir Triplus.</b>
<b>Umsagnarhafi:</b>	Vatnsvirkinn ehf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi.
<b>Framleiðandi:</b>	Valsir S.p.A., Loc. Merlaro 2, I-25078 Vestone (Brescia), Ítalíu.
<b>Staðfest.gögn:</b>	1. Viðurkenningu, “Zulassung” nr. Z-42.1-426”, dags. 24. október 2013, útgefin af Deutsche Institut für Bautechnik (DIBt) í Þýskalandi, fylgiskjal 1. 2. Vottorð, “Conformity Certificate” nr. 4559, dags. 16. apríl 2014, frá SKZ-TeConA GmbH, Þýskalandi, sem staðfestir samræmi við “Zulassung” nr. Z-42.1-426, fylgiskjal 2. 3. Yfirlýsing um nothæfi, dags. 29. febrúar 2016, útgefin af umsagnarhafa, fylgiskjal 3.

---

### Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010. 2. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1 og gr. 5.1.4. 3. Lög um byggingarvörur, nr. 114/2014, III. kafli. 4. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994.

---

### Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Varan skal vera merkt heiti sínu og auðkenni framleiðandans; viðurkenningu nr. Z-42.1-426; að rörin séu fyrir húsafrárennslisli; efnisgerð (PP-MD); nafngildi utanmáls og veggþykktar; framleiðsluári.
  - Umsögn þessi nær einungis til vöru sem er auðkennd eins og fram kemur hér að ofan.
  - Gengið er út frá að ofangreind staðfestingargögn séu afrit af upprunalegum skjölum tilgreindra útgefenda þeirra, sem aftur á móti hafi réttindi viðvíkjandi skoðun og prófun eins og við á.
  - Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna sem skilgreina kröfur fyrir lagnaefni til nota fyrir frárennslisvatn, en í kafla 14 í byggingarreglugerð er m.a. fjallað um slíkar lagnir.
  - Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum lagnaefnisins og skilyrðum við notkun þess, sem hann tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðfestingargögnum, skal ekki ofgert við það álag, sem búast má við þar sem lagnaefnið er staðsett.
  - Tækniupplýsingar um vöruna skuklu vera aðgengilegar á íslensku, þ.e. leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi.
- 

### UMSAGNARORÐ

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti tæknilega í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem lagnaefni fyrir frárennslisvatn, en merkingu röra og tengja er ábótavant, aðallega þar sem ekki er vísað í “Zulassung” nr. Z-42.1-426”, sbr. það sem tilskilið er í viðurkenningunni. Ekki er til (ÍST) EN-vörustaðall fyrir lagnaefni þetta.

---

**Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.**

---

Útgáfudagur: 7. mars 2016



Rögnvaldur S. Gíslason,  
vottunarstjóri.



Björn Marteinson,  
yfirverkfræðingur.

**FYLGISKJÖL:** 1. Viðurkenningu frá DIBt, Þýskalandi (tvær fremstu bls.). 2. Samræmisvottorð frá SKZ, Þýskalandi (ein bls.). 3. Yfirlýsing framleiðanda um nothæfi (ein bls.).